

Nd.

268. Frumvarp til laga

[101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Alþingismenn hafa dagkaup þann tíma, sem þing stendur, og er það 130 krónur á dag, auk verðlagsuppbótar, meðan hún er greidd. Sama kaup skal þeim greitt fyrir þann tíma, sem fer til ferðalaga heiman að til þings og heim af þingi.

Sameinað Alþingi kys hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum alþingismanni, sem verður vegna fjarlægðar frá heimili sínu að hafa dvalarstað í Reykjavík um þingtímann, fyrir leigulausum bústað, meðan á þingi stendur. Þeir þingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá leigu fyrir það endurgreidda eftir mati þingfararkaupsnefndar.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

Þeir þingmenn, sem búa ekki á heimili sínu, á meðan þing stendur, fá greiddan dvalarkostnað eftir því, sem þingfararkaupsnefnd ákveður.

4. gr.

Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 10 ár samfleytt eða 15 ár hið minnsta samanlagt og eru orðnir 65 ára, eiga rétt til eftirlauna, eru séu 60% af þingfararkaupi, eins og það er á hverjum tíma, og miðist ár hvert við meðallengd þinganna næstliðin 5 ár. Lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins dregst frá eftirlaunum. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annars starfs, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærri eftirlaununum, falla þau niður.

Ekkjur alþingismanna, sem höfðu rétt til eftirlauna, hafa tilsvarendi rétt.

5. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal hann eigi að síður njóta þingfararkaups, á meðan hann er forfallaður af þessum sökum, þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.